

frá upphafi til enda, hefur minni skaðleg áhrif á umhverfið en aðrar vörur í sama vöruflokki.

## 7. gr.

*Endurvinnsla og endurnýtanlegar umbúðir.*

Staðhæfingar um endurnýtingu eða endurvinnslu verða að eiga við rök að styðjast. Ef hugtök svo sem „endurvinnsla“ og/eða „endurnýtanlegar umbúðir“ eru notuð þarf að tilgreina nákvæmlega:

1. Hvort þau eiga við um vöruna, umbúðirnar eða hráefnið.
2. Hvort neytendur geta skilað umbúðunum eftir notkun til endurvinnslu eða endurnotkunar.

## 8. gr.

*Samskonar vörur bornar saman.*

Ef samanburður er gerður á áhrifum mismunandi vara á umhverfi skal eingöngu bera saman vörur sem eru sambærilegar og af sömu tegund.

## 9. gr.

*Umhverfisvernd fyrirtækja.*

Ef fyrirtæki halda því fram við markaðssetningu sína að þau séu brautryðjendur í umhverfisvernd - eða taki sérstakt tillit til umhverfisins verða slíkar fullyrðingar að vera sannar og viðeigandi.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Framangreindar leiðbeinandi reglur eru settar með heimild í 30. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og öðlast þær gildi við birtingu.

*Samkeppnisstofnun, 11. ágúst 1994.*

**Georg Ólafsson.**

*Sigrún Kristmannsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Stöðvarhreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Stöðvarhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stöðvarhreppi:

1. Að biðskylda verði á Grenimel gagnvart Fjarðarbraut.
2. Að biðskylda verði á Skólabraut gagnvart Túngötu og Hólalandi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Sýslumaðurinn á Eskifirði, 10. október 1994.*

**Júlíus Magnússon** ftr.